

# Deildarnámskrá 2020-2021

## Sérdeild – Fellaskóla



## Fellaskóli-sérdeild

Sérdeild fyrir börn með einhverfu var stofnuð í Fellaskóla haustið 2004. Markmið deildarinnar er að sinna einstaklingsmiðaðri kennslu og styðja við nám nemenda í almennu skólastarfi. Í dag eru 15 nemendur í deildinni en þessir nemendur eru einnig skráðir í almennar bekkjardeildir 1. – 10. bekkja. Deildin er ein sex sérdeilda fyrir börn með einhverfu í grunnskólum í Reykjavík. Hinar fimm eru í Foldaskóla, Hamraskóla, Háaleitisskóla, Langholtsskóla og Vogaskóla. Sækja þarf formlega um inngöngu í deildina. Með umsókninni þarf að fylgja staðfest greining á að barnið sé með einhverfu. Sérstakt inntökuteymi fjallar síðan um umsóknina og tekur ákvörðun um inntöku. Umsóknarfrestur er til 1. mars. Umsóknir skilist til skóla- og frístundasviðs, Borgartúni 12-14 eða til viðkomandi skóla.

## Einhverfa

Einhverfu var fyrst lýst sem sérstakri röskun í ritgerð læknisins Leos Kanners árið 1943 þar sem Kanner dró saman margskonar einkenni sem mynduðu heilkenni og hann gaf nafnið autism (Ewald Sæmundsen og Andrea Katrín Guðmundsdóttir, 2014). Greining einhverfu byggist fyrst og fremst á atferlisþáttum. Auk skertrar getu til félagslegra samskipta og oft á tíðum sérkennilegrar, áráttukenndar hegðunar er röskun á sviði boðskipta eitt af megininkennum hjá fólki með einhverfu (Mesibow, Shea og Schopler, 2004).

## Þrjú meginenkenni einhverfu:

- Geta til félagslegra samskipta er oftast skert.
- Mál, tjáskipti og leikur þróast ekki eins og eðlilegt má teljast.
- Sérkennileg og áráttukennd hegðun getur verið áberandi.

Einkenni einhverfu geta verið mörg og af mismunandi styrkleika. Raskanir á einhverfurófi eru því margskonar birtingarmyndir af einhverfu. Með því að vita um vanda barnsins er hægt að hafa áhrif á umhverfi þess og hjálpað því að takast á við hindranir í veröld þeirra sem ekki eru með einhverfu (Umsjónarfélag einhverfra, 2012).

## Starfsfólk

Þórunn Brynja Jónasdóttir, verkefnastjóri sérdeildar [thorunn.brynja.jonasdottir@rvskolar.is](mailto:thorunn.brynja.jonasdottir@rvskolar.is)

Árni Sigurður Björnsson, grunnskólakennari [arni.sigurdur.bjornsson@rvskolar.is](mailto:arni.sigurdur.bjornsson@rvskolar.is)

Fjolla Shala, stuðningsfulltrúi [fjolla.shala@rvskolar.is](mailto:fjolla.shala@rvskolar.is)

Gunnhildur Halldóra Axelsdóttir, yfirproskapjálfi [gunnhildur.halldora.axelsdottir@rvskolar.is](mailto:gunnhildur.halldora.axelsdottir@rvskolar.is)

Katrín Rós Calmon, stuðningsfulltrúi [katrin.ros.calmon@rvskolar.is](mailto:katrin.ros.calmon@rvskolar.is)

Kristín Anna Erlingsdóttir, yfirproskapjálfi [kristin.anna.erlingsdottir@rvskolar.is](mailto:kristin.anna.erlingsdottir@rvskolar.is)

Ólöf Hafína Ingólfsdóttir, yfirproskapjálfi [olof.haflina.ingolfsdottir@rvskolar.is](mailto:olof.haflina.ingolfsdottir@rvskolar.is)

Rannveig Biering, yfirproskapjálfi [rannveig.biering@rvskolar.is](mailto:rannveig.biering@rvskolar.is)

Sigurbjörg Sara S. Fjeldsted, stuðningsfulltrúi [sigurbjorg.sara.s.fjeldsted@rvskolar.is](mailto:sigurbjorg.sara.s.fjeldsted@rvskolar.is)

Stefanía Guðjónsdóttir, grunnskólakennari [stefania.gudjonsdottir@rvskolar.is](mailto:stefania.gudjonsdottir@rvskolar.is)

Þóra Margrét Sigurðardóttir, yfirproskapjálfi [thora.margret.sigurdardottir@rvskolar.is](mailto:thora.margret.sigurdardottir@rvskolar.is)

## Húsnæði deildarinnar

Sérdeild Fellaskóla er skipt í yngra stig og eldra stig. Yngra stigið, 1.-6.bekkur er staðsett í stofum 220-222 en eldra stigið 7.-10.bekkur í stofu 301. Þetta eru rúmgóð rými og aðstaða til náms og afþreyingar góð.

## EINSTAKLINGSNÁMSKRÁ

Nám í deildinni er byggt á námsmarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla, grunnþáttum menntunar og lykilhæfni. Grunnþættir menntunar eru læsi í víðum skilningi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þessir þættir eiga að koma við sögu í öllum námsgreinum og eru leiðarljós í menntun til undirbúnings þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi (Aðalnámskrá Grunnskóla, 2013).

Mikilvægt er að stuðla að sjálfstæði nemenda með aðlögun á námsefni og skólaumhverfi. Allir nemendur deildarinnar hafa einstaklingsnámskrá sem unnin er af kennurum/þroskaþjálfum í samráði við foreldra þeirra. Haft er til hliðsjónar almenn námskrá þess aldurshóps sem nemandinn tilheyrir en auk þess er horft til getu, óskir og þarfir nemandans svo og óskir foreldra.

Brýnt er að leggja áherslu á styrkleika nemandans og hafa jákvæðar væntingar til náms hans.

Einstaklingsnámskrá er unnin í Mentor tölvukerfinu og er aðgengileg foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með framvindu í námi barna sinna.

Í námskrá eru settar fram námslotur, metanleg hæfniviðmið, upplýsingar um skipulag kennslu og námsmat. Í námsmati eru notuð 4 hæfnitákn sem meta hæfni nemenda. Hæfnitáknin eru: framúrskarandi, hæfni náð, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð. Námsframvinda nemenda kemur fram á hæfnikorti hvers nemanda.

Samkvæmt reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla frá því í júní 2010 eru sett fram þau markmið að nemendur:

- a. fái jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar þannig að komið sé til móts við náms-, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir þeirra,
- b. fái fjölbreytt nám við hæfi í hvetjandi námsumhverfi og í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu,
- c. geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu og verið félagslega virkir þátttakendur í skólasamfélaginu þar sem byggt er á styrkleikum þeirra,
- d. hafi jöfn tækifæri í grunnskólum í samræmi við alþjóðlega samninga um réttindi barna og fatlaðra.

Þátttaka nemenda í bekk fer eftir úthaldi, getu og áhuga. Í skóla án aðgreiningar er gengið út frá því að skólinn sé sá staður sem kemur til móts við einstaklingsþarfir hvers nemanda og tekur tillit til sérkenna og hæfileika hvers og eins. Þegar einstaklingsnámskrá eða kennsluáætlun er gerð þá verður að ganga út frá þörfum hvers og eins. Til að efla og nýta heildtæka skólustefnu sem best fyrir nemendur sérdeildar er markmiðið að efla samvinnu milli kennara sérdeildar og bekkjakennara.

## Skipulag

- **stundarskrár**

Hver nemandi er með einstaklingsmiðaða stundarskrá. Stundarskrá nemenda tekur mið af stundarskrá viðkomandi bekkjar. Viðmiðunartímar Aðalnámskrár grunnskóla er notuð til að gæta þess að jafnræði sé gætt í námi nemenda og kennsluskylda uppfyllt. Einnig er þess gætt að þarfir hvers einstaklings séu hafðar að leiðarljósi.

Stundaskrá er ætlað að gefa sem gleggsta mynd af því sem framundan er, hvenær og hvar. Stundaskrá getur spannað allt frá hluta úr degi til viku, verið skrifuð, myndræn, í spjaldtölvu, allt eftir þörfum nemandans.

- **vinnusvæði**

Hver nemandi á sitt vinnusvæði. Á hverju vinnusvæði er námsaðstaða, námsgögn ásamt öðru sem tilheyrir nemendum. Kennsla nemenda fer að hluta til fram á vinnusvæði en einnig eru sameiginleg svæði nemenda notuð til náms og leiks.

- **Kennslu/þjálfunaráætlanir**

Kennarar og þroskaþjálfar bera ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár. Mikilvægt er að samfella sé í námi nemenda og því skipuleggja kennarar/þroskaþjálfar kennsluáætlun að lágmarki viku fram í tímann þar sem unnið er markvisst að því að vinna með og læra þá þætti einstaklingsnámskrár sem liggja til grundvallar í námi hvers nemanda. Kennsluáætlanir eru aðgengilegar foreldrum á [mentor.is](http://mentor.is).

- **kennsla**

Fellaskóli vinnur eftir hugmyndafræði leiðsagnarnáms. Lagt er til grundvallar gott skipulag, skýr markmið, fyrirsjáanleiki, vekja og virkja áhuga nemenda, að nemendur hafi fyrirmyndir og viðmið ásamt stöðugri endurgjöf til að leiða nemendur áfram í sínu námi.

Lögð er áhersla á að allt námsumhverfi sé vel skipulagt og að nemendur viti til hvers er ætlast af þeim. Leitast er við að finna kennsluáðferðir og leiðir sem henta hverjum og einum nemanda með það að markmiði að auka færni og getu hvers og eins.

Lögð er áhersla á að sjónrænn stuðningur hjálpi börnum með einhverfu að lesa í umhverfið. Að bæta myndrænum stuðningi af ýmsum toga við talað mál hefur gefið góða raun við kennslu barna með einhverfu og hjálpað þeim við flókin viðfangsefni. Leitast er við að hafa sjónrænt skipulag bæði á tíma og verkefnavinnu. Gott sjónrænt skipulag eykur öryggi og sjálfstraust nemenda, gerir þeim kleift að kynnast nýjum athöfnum og fá aukið þor til að framkvæma þær.

Kennsla fer annað hvort fram á einstaklingsgrundvelli, 2-4 nemenda hópum eða í bekkjarhópi allt eftir getu og aðstæðum nemenda.

Fellaskóli leggur áherslu á teymisvinnu starfsfólks. Í sérdeildinni bera tveir eða fleiri starfsmenn sameiginlega ábyrgð á hverjum nemendahópi. Gerð einstaklings og þjálfunaráætlana, skipuleggur og heldur teymisfundi/foreldrafundi í samráði við deildarstjóra.

- **námsmat**

Hver nemandi er metinn út frá einstaklingsmiðuðum metanlegum hæfniviðmiðum úr námskrá nemanda. Notast er við fjögur hæfnitákn. Símat og umsagnir eru í öllu námi.

## **Foreldrasamráð-teymisfundir**

Foreldra/teymisfundir eru haldnir að lágmarki tvisvar á skólaári. Á haustönn og vorönn. Teymisfundur að hausti fer fram í september en að vori í janúar.

Teymisfundir geta verið oftár og er það metið eftir þörf hvers einstaklings.

Í upphafi skólaárs er ákveðið hverjir sitji hvern teymisfund, t.d. foreldrar, frístundaheimili, skammtíma vistarir, ýmis sérfræðipjónusta allt eftir því hvað við á hverju sinni.

### **Önnur þjónusta:**

#### **skólaakstur**

Nemendur í sérdeild eiga rétt á skólaakstri. Skólaakstur er í höndum Strætó. Í upphafi skólaárs þarf að upplýsa deildarstjóra hvort foreldrar ætli að nýta sér þessa þjónustu. Verkefnastjóri sér um að hafa samband við Skóla- og frístundasvið og skrá nemendur í slíkan akstur. Almenn sjá foreldrar um að bóka og afbóka ferðir barna sinna en geta fengið aðstoð hjá verkefnastjóra ef þörf er á. Skólaakstur er foreldrum að kostnaðarlausu.

#### **frístundaheimili**

Nemendum deildarinnar í 1. og 2. bekk stendur til boða dvöl á frístundaheimilinu Vínafelli eftir að skóla lýkur á daginn og eins yfir sumartímamann. Greiða þarf sérstaklega fyrir sumarfrístund. Nemendum í 3. og 4. bekk stendur til boða frístundaúrræði á frístundaheimilinu Hraunheimum. Frístundaheimili fyrir börn með sérþarfir í 5.-10. bekk er starfrækt í frístundamiðstöðinni Hellinum/Höllinni. Yngri nemendur eru sóttir af starfsfólki Vínafells/Hraunheima en eldri nemendur fara með bíl frá Strætó í Hellirinn/Höllina.